

21. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum bæjarstjórnar, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

54

11. marz

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 57 24. maí 1947, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

55

11. marz

um breyting á reglum nr. 13 22. janúar 1947, um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

1. gr.

8. gr. reglnanna orðist svo:

Leyfishafa er skylt að slysatryggja farþega í innanlandsflugi. Skulu slysabætur vera hinar sömu og ákveðnar eru í 51.—58. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar. Skal þess getið á farseðlum, að farþegar séu þannig tryggðir.

Í millilandaflugi er leyfishafa skylt að tryggja sig í samræmi við ábyrgð þá, er lögð er á hann með Varsjársmningnum, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

Um ábyrgðarskyldu gagnvart þriðja manni fer eftir ákvæðum 31.—34. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1950.

Jóhann P. Jósefsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknar- og menningarsjóð Ljós- 56
mæðrafélags Reykjavíkur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 11. marz
ráðherra 11. marz 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmaðrafélags Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknar- og menningarsjóður Ljósmaðrafélags Reykjavíkur, og er stofnaður af meðlimum félagsins, sem undir skjal þetta rita.